

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

841. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. ágúst 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Ingimar Sigurðsson.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Viðræður við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs.
3. Unnur Valborg segir frá fundi fulltrúa landeiganda á Vatnsnesi og stýrihópi Ferðamálafélags Vestur Húnavatnssýslu 16.júní sl.
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri framkvæmda og umhverfissviðs er mættur til fundar við byggðarráð.** Farið yfir þau mál sem verið er að vinna að s.s. vinnu við flutning skólalands frá Laugarbakka til Hvammstanga, við uppsetningu vatnsrennibrautar, lagningu hitaveitu í Línakradal og dæluhús við Litla-Ós ásamt ýmsu tilfallandi viðhaldi.
2. **Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, formaður byggðarráðs kynnti.** Fundargerð 240. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 14. ágúst sl. Fundargerð í 3 liðum.
 1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
3. **Oddviti Unnur Valborg Hilmarsdóttir er mætt til fundar við byggðarráð.** Skýrði hún frá umræðum á fundi sem hún sótti með fulltrúum landeiganda á Vatnsnesi og stýrihópi Ferðamálafélags Vestur Húnavatnssýslu þann 16. júní sl. m.a. um umferð og umgengni ferðamanna um Vatnsnesveginn.
4. **Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 14. ágúst sl.** Þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Vigdís Gunnarsdóttir f.h. Miðdegishóls ehf. sækir um leyfi til að reka veitingastað í flokki II í reiðhöllinni Sindrastöðum að Lækjamótum II í

Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Samþykkt að taka á dagskrá.

5. Erindi frá Pálma Geir Ríkharðssyni og Ingunni Reynisdóttur, fyrirspurn vegna lagningar hitaveitu að Syðri Völlum. Erindinu frestað til næsta fundar byggðarráðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:49

Stefán E. Böðvarsson.

Ingimar Sigurðsson

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir